

Oddný S Þórðardóttir
Krossanesi
Norðurfirði
524

Umhverfisstofnun
Áb. _____
21 SEPT. 2009
54-22
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. september 2009
Tilvísun: UST20090500045/ksj

Tillaga að Aðalskipulagi Árneshrepps 2005 - 2025 Umhverfisskýrsla með tillögu um Hvalárvirkjun

Vísað er til erindis Árneshrepps er barst 12. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Árneshrepps 2005 – 2025. Umhverfisstofnun hefur áður gefið umsögn um tillöguna á vinnslutíma, með umsögnum dagsett 11. ágúst 2006 og 25. júlí 2008.

Hvalárvirkjun

Hvalárvirkjun er framkvæmd sem fellur undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og er sú framkvæmd sem áætluð er í aðalskipulagi Árneshrepps 2005 – 2025 sem mun hafa mest umhverfisáhrif. Gert er ráð fyrir að virkjunin verði í einu þrepi niður í Ófeigsfjörð með aðrennslisgöngum. Stöðvarhús yrði í Strandafjöllum og útrás frá þeim rétt neðan við Hvalárfoss. Í greinargerð kemur fram að: „Með virkjunarframkvæmdum er gert ráð fyrir mannvirkjum sem verða að mestu neðanjarðar og því í reynd um litla sjónmengun að ræða. Stífla verður byggð við útrennsli Hvalár úr Nyrðra-Vatnalautavatni, sem gæti orðið allt að 30 m há og önnur svipuð við ármót suður og norður kvísla Rjúkanda sem veitir rennsli þeirra til Nyrðra-Vatnalautavatns. Inntaksstífla verður við Hvalárvatn að mestu um eða innan við 30 m á hæð.“ Að mati Umhverfisstofnunar er fullyrðingin um takmörkuð sjónræn áhrif framkvæmdarinnar ekki á rökum reist. Umhverfisstofnun telur að áætlaðir framræsluskurðir og flutningslínur hafa mikil neikvæð sjónræn áhrif í óröskuðu landssvæði. Umhverfisstofnun tekur ekki undir að 30 m há jarðvegsstífla hafi í reynd litla sjónmengun í för með sér. Að mati Umhverfisstofnunar eru miklar líkur á að svo há jarðvegsstífla hafi mikil ásýndaráhrif.

Háspennulínur

Í greinargerð kemur fram að fram eru komnar tvær tillögur um legu háspennulína frá virkjuninni. Annars vegar vestur yfir Ófeigsfjarðarheiði og hins vegar suður Strandir um Húsárdal og austur fyrir Búrfell. Í dag er rafmagn til notkunar í Árneshreppi fengið frá Orkubúi Vestfjarða hf. Raflínan kemur frá spennistöð í Steingrímsfirði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að hugað verði að því að leggja nýjar línur meðfram eldri

línun ef þess er kostur, áður en farið er með línur yfir ósnortin víðerni.


Niðurstaða


Erfitt er að gera sér grein fyrir hver af þeim 6 virkjanakostum sem tilgreindir eru í umhverfiskýrslu hafi minnst neikvæð umhverfisáhrif, enda liggja ekki fyrir nauðsynleg gögn í málinu. Öllum virkjanakostunum munu fylgja framkvæmdir sem munu hafa neikvæð sjónræn áhrif og raska jafnvægi á viðkvæmu svæði. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki hægt að fullyrða að kostir 1 - 4 hafi jákvæð áhrif á útivist og ferðamennsku eins og fram kemur í töflu 2 í umhverfisskýrslu þar sem ferðamenn er sækja Strandir heim eru að sækja í ósnortin víðerni. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að umhverfisáhrif framræsluskurða verði skoðuð vel sem og háspennulína því neikvæð áhrif þeirra framkvæmda, bæði sjónræn og áhrif á ferðamennsku, geti mögulega orðið veruleg.

Umhverfisstofnunar bendir á að uppdráttur er fylgir skipulagstillögu og greinargerð af vatnasviði áætlaðrar Hvalárvirkjunar er óskýr og því illlesanlegur.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun